

Vopnafjarðarhreppur  
Hamrahlíð 15  
690 Vopnafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. ágúst 2012  
Tilvísun: UST20120700030/bs

### Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 3006 - 2026 - Umsögn

Vísað er til bréfs sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps dags. 28. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að breytingu á aðalskipulagi og umhverfisskýrslu.

Hér er um að ræða stækkun á núverandi athafna- og urðunarsvæði ofan og vestan þéttbýlis á Vopnafirði úr 21,1 ha í 52 ha. Núverandi og frágengið urðunarsvæði er um 3,3 ha og framtíðar urðunarsvæði er um 4,6 ha að stærð. Fyrirhugað er að urða á þessu svæði allt að 1000 tonnum árlega í stað allt að 500 tonnum árlega sbr. núverandi starfsleyfi.

Skipulagssvæðið er að mestu á ræktuðu graslendi dýra- og fuglalíf á svæðinu er talið fábreytt.

Landi hallar frá fyrirhuguðu urðunarsvæði að Skógalóni sem er hluti svæðis nr. 603 á náttúruminjaskrá Nýpslón og Skógalón. Náttúruverndargildi svæðisins er talið vera eftirfarandi: "*Grunn sölt lón. Mikið dýralíf við sérstök skilyrði, einkum í Skógalóni.*" Um hugsanleg áhrif urðunar á Skógalón segir í greinargerð: "*Vatn sem hripar í gegnum urðunarsvæði getur blandast mengandi efnum og borið með sér í formi sigvatns.*"

*Fyrirkomulag urðunar verði með þeim hætti að botnþéttni verði næg svo sigvatn safnist í setþró. Sýni verði þá reglulega tekin úr brunni til að fylgjast með útskolun í vatninu."*

Umhverfisstofnun telur að helstu neikvæð áhrif sem umrædd breyting á aðalskipulagi geti haft í för með sér felist í mögulegri mengun sigvatns. Í greinargerð kemur fram að sigvatn verði sá umhverfisþáttur sem krefst vöktunar og að fyrir liggi viðbragðsáætlun ef losun mengunarefna fer yfir viðmiðunarmörk.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd breyting á aðalskipulagi Vopnafjarðar muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
deildarstjóri

Björn Stefánsson

Afrit: Skipulagsstofnun